



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu sveitarstjórnarlögum (áhrifamat.) IRN24060048
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Innviðaráðuneyti/skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	23. janúar 2025

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Í þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024–2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028 sem samþykkt var á Alþingi þann 5. desember 2023 var lagt til í sjöttu aðgerð aðgerðaáætlunarinnar, að fram færi endurskoðun á ferli kostnaðarmats, þ.e. mati á hugsanlegum áhrifum frumvarpa, tillagna að stjórnvaldsfyrirmælum eða annarra stefnumarkandi ákvarðana af hálfu ríkisins á fjárhag sveitarfélaga. Aðgerðinni er m.a. ætlað að koma til móts við gagnrýni sveitarfélaganna, m.a. um að dæmi séu um að kostnaðarmat af þessu tagi séu ekki framkvæmd, matið sé oft ekki fullnægjandi, óljóst sé hvenær leita eigi umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og hvernig leyst skuli úr ágreiningi.

Stofnaður var starfshópur skipaður fulltrúum innviðaráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins, dómsmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem skilað hefur af sér tillögum um breytingar á 129. gr. sveitarstjórnarlag sem fjallar um kostnaðarmat og mun frumvarpið byggja á tillögum hópsins.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Að bæta gæði endanlegs áhrifamats á sveitarfélög og leggja til leiðir til að skera úr um ágreining ríkis og sveitarfélaga vegna kostnaðarauka sveitarfélaga

Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Sjá hér að framan.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Í þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024–2038 nr. 2/154 er að finna þau meginmarkmið að sveitarfélög verði öflug sjálfbær og ýti undir lýðræðislega virkni íbúa og að sjálfstjórn og ábyrgð sveitarfélaga verði virt og tryggð verði sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Markmiðið er að tryggja sátt um fjárhagslegt mat og fjármögnun þeirra verkefna sem falin eru sveitarfélögum með lögum eða öðrum stefnumótandi ákvörðunum stjórnvalda.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Markmið frumvarpsins næðu ekki fram að ganga.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Markmið frumvarpsins ná best fram að ganga með breytingu á lögum.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Leggja þarf fram frumvarp til laga um breytingu á 129. gr. sveitarstjórnarlaga.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. **Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni**

Áformað er að gera breytingar á 129. gr. sveitarstjórnarlaga.

2. **Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott**

Lagðar verða til breytingar á 129. gr. sveitarstjórnarlaga. |

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. **Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?**

Nei.

2. **Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?**

Nei.

3. **Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?**

Nei. |

F. Samráð

1. **Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?**

Sveitarfélög.

2. **Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?**

Tillögurnar varða öll ráðuneyti.

3. **Samráð sem þegar hefur farið fram**

Stofnaður var starfshópur með fulltrúa innviðaráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dómsmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tillögur starfshópsins hafa verið kynntar í samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga.

4. **Fyrirhugað samráð**

Áformin hafa verið kynnt innan stjórnarráðsins og fyrirhugað er að kynna áformin í samráðsgátt stjórnvalda. |

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

1. **Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal** Áformin hafa ekki fjárhagsáhrif á ríkissjóð.

H. Næstu skref, innleiðing

1. **Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?**

Já.

2. **Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?**

Gert er ráð fyrir því að ráðuneytin og Samband íslenskra sveitarfélaga muni eiga með sér samráð um innleiðingu nýs verklags.

3. **Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?**

Ráðuneytin og Samband íslenskra sveitarfélaga þurfa að innleiða með sér verklag til að tryggja að gerð og yfirferð kostnaðarmats sé fullnægjandi.

4. **Mælikvarðar á árangur og útkomu**

Á ekki við.

5. **Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?**

Á ekki við.

I. Annað

|

J. Fylgiskjöl

- 1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað**
- 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum**